

Tillaga til 46. ársþings BLÍ 4. mars 2018

Flutningur: Birta Björnsdóttir

Tillaga um viðbragð frá Blaksambandinu við #metoo frásögnum íþróttakvenna

Í kjölfar frásagna íþróttakvenna af ofbeldi, misrétti og áreitni í #metoo byltingunni er mikilvægt að Blaksamband Íslands bregðist við. Það er mikilvægt að Blaksambandið sitji ekki aðgerðarlaust heldur bregðist við og taki þátt í #metoo herferðinni.

Flytjandi óskar eftir því að

1. Blaksambandið útbúi verkreglur og ferla sem stuðst er við ef að upp koma atvik er snúa að ofbeldi, mismunun eða áreitni.
2. Ef að þjálfari hefur verið látinn víkja frá störfum hjá íþróttafélagi vegna ofbeldis, afbrota eða öðru slíku, þarf félagið að tilkynna það til Blaksambandins, þó svo að málið sé ekki tilkynnt til lögreglu. Blaksambandið þarf útfrá því að ákveða í samvinnu með óháðum fagaðila hvort að þjálfarinn eigi að hafa réttindi/leyfi til þess að þjálfar blak á Íslandi. Þjálfarar sem beita ofbeldi eiga ekki að geta fært sig á milli félaga án afleiðinga. Þessi regla tíðkast meðal annars í Fimleikasambandi Íslands.
3. Sjálfboðaliðar á vegum Blaksambandsins fái viðeigandi fræðslu um almenna hegðun. Þetta á sérstaklega við á stórum viðburðum eins og landsleikjum og bikarkeppni.
4. Blaksambandið skildi öll félagslið sem spila í úrvalsdeild að hafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og verkferla sem stuðst er við ef að upp koma atvik er snúa að ofbeldi, mismunun eða áreitni.
5. Blaksambandið útbúi atriði til íhugunar um ráðningarferli blakþjálfara fyrir félagsliðin. Í ráðningarferlinu ætti meðal annars að standa að félög megi óska eftir sakaskrá og umsögn frá fyrri vinnuveitindum. Einnig að þjálfarar séu skildugir í fræðslu í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegri misnotkun á börnum.
6. Ef að atvik kemur upp er snýr að ofbeldi, mismunun eða áreitni, sé fenginn inn óháður fagaðili sem taki á málum.
7. Aðili með dóm á bakinu megi ekki spila fyrir landsliðið í blaki.
8. Blaksambandið óski eftir sakavottorði hjá því fólki sem vinnur í kring um landsliðin og unglíngalandsliðin. Þetta á við um þjálfara, sjúkrapjálfara, lækna, nuddara, fararstjóra, o.s.frv.
9. Blaksambandið tryggji þolendum sem hafa orðið fyrir alvarlegu ofbeldi í tengslum við íþróttastarf faglega aðstoð.
10. Blaksambandið verði með faglega siðanefnd sem tekur á ofbeldi, mismunun og áreitni.
11. Blaksambandið sé með umboðsmann íþróttafólks sem er óháður fagaðili. Umboðsmaður íþróttafólks er ætlað að taka á ofbeldismálum, mismunun, áreitni og öðrum máum sem koma upp. Umboðsmaður íþróttafólks er einnig hugsaður sem aðili sem getur veitt íþróttafólki, félagsliðum og öðrum fagleg ráð.

Flytjandi hvetur einnig aðra til þess að koma með tillögur og hugmyndir til þess að íþróttafólkið okkar upplifi sig öruggt til þess að stunda blak.